

Atvinnuvegaráðuneytið

Borgartúni 26

105 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Mál nr. S-229/2025

Reykjavík, 21.11.25

Efni: Áformaskjöl vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Matvælastofnun, Fiskistofu o.fl. (sameining stofnana)

Landvernd hefur kynnt sér málið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Markmið

Í áformum um lagasetningu kemur fram að markmið sameiningarinnar er að auka skilvirkni og gagnsæi í þjónustu við atvinnulífið og aðra hagaðila og að reknar verði öflugar og hagkvæmar starfsstöðvar um land allt. Þetta eru ágæt markmið en Landvernd gagnrýnir að það er lítið sem ekkert komið inn á hlutverk stofnanna. Áformuð sameining þarf líka að hafa þau markmið að tryggja og helst efla hlutverk núverandi stofnanna. Landvernd telur að forgangsöröðun á markmiðum sameiningar sé ekki í takt við hlutverk stofnanna sem er eftirlit og aðhald með matvælaframleiðslu. Þá eru helstu hagsmunaaðilar ekki bara atvinnulífið og fyrirtæki heldur hinn almenni neytandi, dýrin sem framleiðslan byggist á og náttúran, s.s. að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda og takmarka neikvæð umhverfisáhrif. Landvernd skorar á Atvinnuvegaráðuneytið að bæta með skýrum hætti inn í markmiðin með sameiningunni að tryggja að hin nýja stofnun geti sinnt öllum sínum hlutverkum vel, ekki síst eftirlits- og aðhaldshlutverkunum. Og að nýja stofnunin vinni í þágu helstu hagsmunaaðila sem eru neytendur, dýr og náttúra.

Mat á áhrifum lagasetningar

Sömu áherslur og eru í markmiðunum endurspeglast í þáttum sem eru metnir í mati á áhrifum lagasetningar. Aðallega eru þar metnir fjárhagslegir áhrifaþættir og áhrif á atvinnulíf. Metin eru t.d. áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki. Áherslur á hagræðingu í ríkisrekstri og aukna skilvirkni í samskiptum fyrirtækja og hins opinbera virðast algjör. En stofnanir sem á að sameina eiga miklu viðtækari hlutverk sem horfa þarf til. Landvernd þykir óviðunandi að ekki séu metnir þættir eins og áhrif á getu til þess að sinna eftirliti m.t.t. hagsmuna neytenda, dýra og náttúru. Undir lið D Önnur áhrif stendur m.a. 7. Áhrif á lýðheilsu – Á ekki við og það sama á við undir 12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Landvernd telur mikilvægt að metin verði áhrif á þessa þætti m.t.t. hlutverks stofnanna eins og eftirlits og aðhalds. Undir 10. *Áhrif á stjórnsýslu* verður að meta hvort sameining stofnanna skapi hættu á að eftirlits- og aðhaldshlutverkið veikist. Svokallað armlengdarsjónarmið verður að vera í fyrirrúmi þannig að nýja stofnunin gerist aldrei dómari í eigin sök. Aðhald milli stofnanna skiptir miklu máli og má ekki minnka. Það verður að leggja mat á þetta.

Mælikvarðar á árangur og útkomu

Í áformum um lagasetningu undir lið H.4. er lýsing á mælikvörðum á árangur og útkomu. Það er í sama anda og markmiðin og mat á áhrifum með áherslur á hagræðingu og bætta þjónustu við atvinnulífið. Landvernd ítrekar aftur að hlutverk stofnanna sem á að sameina er ekki fyrst og fremst þjónusta við atvinnulífið heldur sérstaklega eftirlit með framleiðsluháttum og hollustu matvæla. Markmiðin, matið og mælikvarðar verða að endurspegla hlutverk stofnanna/nýrrar stofnunar.

Starfsemi

Landvernd fagnar því að það eigi að efla starfsemi um land allt. Í mati á áhrifum lagasetningar undir lið D. *Önnur áhrif* 4. *Áhrif á byggðalög* stendur hins vegar að það á ekki við. Landvernd bendir á að það væri mikilvægt að meta þau áhrif.

Til þess að tryggja sem best farsæla sameiningu þar sem ný stofnun verður eflað í hlutverkum sínum er mikilvægt að hafa núverandi starfsfólk þessara stofnanna með í samráði. Þau hafa sem yfirsýn yfir hvernig væri hægt að tryggja starfsemi gagnvart öllum hagsmunum þar sem hagsmunir sjálfbærni eru í fyrsta sæti.

Lokaorð

Sameining stofnana felur yfirleitt í sér kosti og galla. Mikilvægt er að sameina ekki bara sameiningarinnar vegna heldur til þess að efla starfsemina. Landvernd gagnrýnir áherslurnar sem eru settar við þessi áform og skorar á Atvinnuvegaráðuneytið að bæta úr og leggja áherslur á grunnhlutverk stofnanna í stað þess að einblína á hagræðingu og þjónustu við atvinnulífið. Passa þarf að samþjöppun stofnanna veiki ekki, heldur styrki, eftirlits- og aðhaldshlutverkið.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður